

Efni: Frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara o.fl., 694. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. maí 2015, þar sem óskað er eftir umsögn Bændasamtaka Íslands um ofangreint þingmál.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur haft viðtækt samráð við Bændasamtök Íslands við vinnslu frumvarpsins og fjallað hefur verið um það áður á vettvangi samtakanna. Þá hefur verið tekið tillit til ýmissa athugasemda á fyrri stigum. Bændasamtök Íslands hafa nú fjallað um það frumvarp sem nú liggur fyrir og vilja benda á eftirfarandi.

3. gr.

Bændasamtök Íslands eru fylgjandi því að reglur um meðferð ónýtttra beingreiðslna verði skýrðar. Lögð er áhersla á að lagalegri óvissu um ráðstöfun þessara fjármuna út gildistíma sauðfjársamnings verði eytt við þessar breytingar. Samtökin óska eftir því að haft verði samráð við Landssamtök sauðfjárbænda við samningu þeirrar reglugerðar sem um ræðir.

4. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við ákvæðið en Bændasamtök Íslands leggja áherslu á að áhættuflokkun vegna frumframleiðslu fari að líta dagsins ljós. Þá er og minnt á að búfjártalning 2014 misheppnaðist og ekki liggur fyrir hvernig MAST hyggst bæta úr því.

11. gr.

Bændasamtök Íslands hafa á fyrri stigum gert athugasemdir við þetta ákvæði. Samtökin hafa lagt og leggja enn áherslu á að Matvælastofnun verði skylt að bjóða starfsmönnum Bændasamtaka Íslands sem sinnt hafa umræddum verkefnum sambærileg störf hjá stofnuninni.

Í þessu ákvæði og í athugasemdum kemur fram að flutningnum eigi að vera lokið fyrir 1. janúar 2017. Það hefur verið skilningur Bændasamtaka Íslands að flutningnum eigi að vera lokið 1. janúar 2016, sbr. og samnings BÍ, ANR og MAST, dags. 22. desember 2014, þar sem segir í 8. gr. að samningsaðilar séu sammála um að flutningi stjórnsýsluverkefna skuli vera lokið fyrir 1. janúar 2016. Óskað er skýringum á því hverjar fyrirætlanir stjórnvalda í málinu eru í raun.

Þrátt fyrir það sem fram kemur í athugasemdum hér að ofan eru Bændasamtökin þeirrar skoðunar að framkvæmd þeirra stjórnsýsluverkefna sem frumvarpið leggur til að verði flutt frá samtökunum sé betur komið fyrir í sjálfstæðri stofnun sem heyri undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Samtökin gera ekki athugasemdir við að verkefni séu flutt frá þeim en hafa miklar efasemdir um að umsýsla stuðningsgreiðslna í landbúnaði falli að þeim verkefnum sem Matvælastofnun hefur nú þegar með höndum. Stofnunin sinnir fyrst og fremst eftirliti og það fer ekki vel saman við verkefni sem fremur eru í ætt við þjónustu eins og útgreiðslur styrkja. Bændasamtökin gera því athugasemdir við að verkefni eigi að flytjast beint undir Matvælastofnun. Samtökin gera jafnframt þá kröfu að breytingin leiði ekki til aukins kostnaðar fyrir bændur og leggja áherslu á að framkvæmd verkefnanna gagnvart þeim gangi greiðlega fyrir sig.

Búnaðarþing 2015 ályktaði um málið og fer ályktunin hér á eftir

Búnaðarþing 2015

Mál nr. 25

Búnaðarstofa

Markmið og leiðir

Búnaðarþing 2015 krefst þess að fallið verði frá áformum um að verkefni Búnaðarstofu heyri undir Matvælastofnun. Þess í stað verði hún sjálfstæð stofnun sem heyri undir ráðuneyti atvinnumála. Að mati Búnaðarþings samræmist eftirlitshlutverk Matvælastofnunar ekki þeim stjórnarsýsluverkefnum sem Búnaðarstofu er ætlað að sinna.

Framgangur

Stjórn BÍ fylgi málinu eftir af fullum þunga.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands,
Elías Blöndal Guðjónsson